

# THE 7 HABITS of Highly Effective People®

FOUNDATIONS

## Bættu árangur allra starfsmanna

Velgengni vinnustaða veltur á góðri frammistöðu starfsfólks á öllum stigum. Frábær árangur krefst sameiginlegra gilda, hegðunar og færni sem samstillir hæfni einstaklinga við stefnu vinnustaðarins.

Gerðu öllu starfsfólki þínu kleift að hámarka frammistöðu sína með mögnuðu vinnustofunni **Grunnur árangurs: 7 venjur** (7 Habits Foundations), sem eins dags örvinnustofa á alþjóðlegu, margverðlaunuðu nálgun FranklinCovey: **7 venjur til árangurs** (The 7 Habits of Highly Effective People: Signature Edition 4.0). Á vinnustofunni **Grunnur árangurs: 7 venjur**, eru kynnt lögmal, hugarfar og aðferðir 7 venja til árangurs og hentar nálgunin einstaklega vel fyrir allt starfsfólk og verðandi og vaxandi leiðtogum á öllum stigum.

Þátttakendur læra sígild lögmal um mannlegan árangur sem færa þeim meiri þroska og betri frammistöðu. Þeir læra að sönn velgengni á sér stað innanfrá og út.

### Persónulegur sigur®


Í fyrsta lagi byggja þátttakendur upp undirstöðu karakters með því að einbeita sér að því að leiða og stjórna sjálfum sér – þeir ná að ganga fram með góðu fordæmi og vinna persónulega sigurinn. Þeir taka fulla ábyrgð á valkostum sínum, skapi, aðgerðum og niðurstöðum. Þeir setja markmið sem samstilla þeirra einstaka hlutverk og tilgang við teymi þeirra og vinnustað, og læra hvernig framkvæma á þessi markmið með því að halda fókusi á það sem er mikilvægast, ekki bara mest áriðandi.

### Opinber sigur®

Í öðru lagi vinna þátttakendur félagslega sigurinn og eru öðrum fyrirmynd - með því að læra hvernig vinna má með öðrum á árangursríkan hátt og hafa varanleg áhrif. Þeir læra hugarfar sameiginlegrar gnægðar í öllum aðstæðum, temja sér hvernig eiga má áhrifarík samskipti með því að hlusta og rökræða af samkennd og virðingu, og hvernig leysa má vandamál með samvirkum hætti og fá fram betri lausnir en þeir hefðu áður getað ímyndað sér.

Í þriðja lagi læra þeir hvernig má endurnýja og fjárfesta í sjálfum sér.

Þegar starfsfólk fer frá ósjálfstæði til sjálfstæðis til samvirkni, upplifir það frá fyrstu hendi þá umbun sem hlýst af meiri sjálfsga og framúrskarandi samvinnu.



# THE 7 HABITS of Highly Effective People®

FOUNDATIONS

## Bættu árangur allra starfsmanna

Á vinnustofu FranklinCovey **Grunnur árangurs: 7 venjur** læra þátttakendur að:

- Taka fulla ábyrgð á niðurstöðum.
- Koma auga á það sem skiptir mestu máli í vinnu þeirra og persónulega lífi.
- Forgangsráða og ná mikilvægustu markmiðum sínum, í stað þess að bregðast stöðugt við því sem er áriðandi.
- Vinna betur með öðrum með því að byggja upp sambönd sem grundvallast á trausti og sameiginlegum hag.
- Eiga áhrifaríkari samskipti á öllum sviðum lífs síns, þ.m.t. í hinum stafræna heimi.
- Nálgast vandamál og tækifæri gegnum skapandi samvinnu.
- Samþætta stöðugar umbætur og lærdóm.

**Grunnur árangurs: 7 venjur** færir þátttakendum nýja sýn og aðferðir til að auka árangur sinn á sviði tímastjórnunar, forgangsröðunar, markmiðasetningar, samningatækni, nýsköpunar, samskipta, áhrifa og ábyrgðar.

### Þáttakendagögn

- *7 Habits Foundations* vinnubók á íslensku
- Big Rocks-verkfæri
- 7 Habits-spil
- 21 dags samningur
- *Living the 7 Habits™* - appið



Vinnustofur okkar geta farið fram í kennslustofu eða í fjarnámi á netinu. Við vottum fjölda innri þjálfara á vinnustöðum um allan heim ár hvert - þú getur fengið vottun til að kenna vinnustofuna **Grunnur árangurs: 7 venjur** eða ráðgjafi frá FranklinCovey getur leiðbeint á þínum vinnustað.

Allar nánari upplýsingar um vinnustofuna **Grunnur árangurs: 7 venjur** eru á vefsíðum okkar [hér](#). Endilega hafðu samband við teymi FranklinCovey á Íslandi með því að senda okkur línu á [info@franklincovey.is](mailto:info@franklincovey.is) eða hringdu í síma +354 775 7070.